

Hjartað hoppaði í brjósti hennar, svitinn braust út um andlit-  
ið og hana svimaði. Hún ákallaði Wes-a-ka-chack, og það  
hann að hjálpa sér til að halda honum. En mitt í sinni brenn-  
andi þrá að mega halda honum, vaknaði hún upp við þá hugs-  
un að hann hefði rekið sig frá sér. Hljóðlaust eins og móðir  
annast afkvæmi sitt, kraup hún niður við hlið hans. Hún  
grúfði sig yfir hann og breiddi út faðminn yfir brjósti hans, en  
þorði þó ekki að snerta hann. Hún sveimaði í kring um hann  
afturábak og áfram, og helti yfir hann brennandi ba num og árn-  
aðar óskum sinnar þögulu sálar. Nú fyrst í gíntist hún þávist  
hans ákafar en nokkru sinni áður.

Wes-a-ka-chack hafði auðsjáanlega sent henni hann til að  
eiga hann og njóta hans, og hún óskaði framur öllu öðru að  
eiga hann. Já, jafnvel að deyja við hlið hans var sælt. Blóð-  
ið þaut um æðar hennar með ómælanlegum hraða. Hún rétti  
honum höndina eins og móðir sem bendir til sín barni sínu, en  
hann svaf. Hana langaði til að varpa sér með öllum sínum  
raunum ofan á hið breiða brjóst hans, en þá mundi hún eftir  
því að þar var "ekkert rúm." Ó, því lét ekki Wes-a-ka-chack,  
sem hafði skapað skógana og blómin, því lét hann ekki ein-  
hverja eiturturt vaxa meðal blómanna? Ef hún aðeins hefði  
eitthvað til að sefa hjartsláttinn, eitthvað til að þagga þytinn  
sem suðaði í eyrum hennar, svo að hún gæti hnigið í rólegann  
blund þarna á brjósti hans, eins og lækurinn í faðmi Athabaska-  
fljótsins, og þá gætu þau hvílt saman og dreymt saman í hinu dular-  
fulla hérefitir, og búið saman yfir á landinu hvar allir rúmast.  
Foreldrar hennar eða systkyn myndu finna þau þarna og byggja  
þeim eina stóra gróf á bökkum Athabaska-fljótsins, og þar, að  
minsta kosti, yrði þó nóg rúm. Og þar myndu þau sofa og  
dreyma, og heyra vindinn þjóta í lafunum á sedrustrjánnum og  
hlusta á ána þylja sín þungu sorgarljóð, sem aldrei taka enda.  
Hennar mædda sál myndi þá fljúga inní nýjan ókunnan heim.  
Eins og flugdrekarnir hennar höfðu svifið og þyrlast hærra og  
hærra þar til þeir höfðu horfið út í geiminn, þannig ímyndaði  
hún sér að sál sín gæti svifið út í rúmið. Hún var tilbúin til  
að deyja fyrir hann strax eða taka hans líf með sínum eigin